

Bersarunni fu.* Reykir (ex. Cordova) Viburnum edule fu.Reykir (ex. Cordova)

Ætt: Geitblaðaætt – Caprifoliaceae

Blaðfallegur runni með einstaklega fallega haustliti og áberandi rauð ber.

Lýsing: Meðalstór blaðfallegur runni með stífuppréttar greinar. **Laufblöð**, stór lítillaga þrífingruð og sitja gagnstætt á greinum og fallega rauðbrúnleit á vorin. Fær einstaklega fallega rauða **haustliti**. **Blómstrar** í júní-júlí hvítum blómum. Fær falleg rauðgljáandi eða appelsínugul, æt **ber** í ágúst–september. Berin eru súr og beisk en góð í sultu. Þau gefa oft frá sér sérstaka lykt. Verður um 1,5-2 m hár og álíka breiður. Meðalhæð eftir 5 ár er um 1,2 m við góðar aðstæður (í yndisgarðinum Reykjum).

Uppruni: Kemur frá NA-Asíu og norðanverðri N-Ameríku þar sem hann vex í skógarjörðum, skógarrjóðrum og með ám. Fræyrkið er frá Reykjum en kemur upprunalega til landsins úr Alaskaleiðangri Óla Vals Hanssonar og félaga 1985, nánar tiltekið frá Pipeline Trait Cordova 100-200 m.y.s. „Ski Hill“ (frænúmmmer A-550). Hefur verið í framleiðslu í nokkurn tíma en ekki enn orðinn algengur á markaðinum.



Blómin á bersarunna opnast ljósbleik en hvítna í sólinni. (Mynd:Ólafur Sturla Njálsson)



Blöð bersarunna setja mikinn svip jafnt á vori sem hausti. Rauðir haustlitir eru einstaklega áberandi og fallegir. (Mynd:Ólafur Sturla Njálsson)



Bersarunni að Reykjum í ágúst 2015 með rauðgljáandi ber, gróðursettur 2008.



Rauð ber bersarunna eru beisk en góð í sultu. (Mynd:Ólafur Sturla Njálsson)

Notkun: Hentar vel sem stakstæður runni eða í þyrpingum, í einkagarða, á opin græn svæði og sólmegin í skjólbelti. Hann getur staðið einn og sér eða með örðum tegundum, Bersarunni myndar mikið af berjum og getur mögulega sáð sér út. Bil milli plantna ætti að vera 0,8-1,2 m.

Ræktun og harðgeri: Nokkuð harðger og nægjusamur runni. Þolir hálfskugga en nýtur sín best í sól þar sem hann blómstrar mest, fær flest ber og fallgustu haustliti. Þarf vel framræstan frjósaman jarðveg. Þrífst vel á svæði A og B og á svæði C í skjóli.

Umhirða: Umhirða bersarunna er einföld, mestu skiptir að atlæti sé gott í upphafi og hann verði ekki fyrir áfalli við gróðursetningu. Runnin þolir illa að þorna, sérstaklega fyrst eftir gróðursetningu. Bersarunni Reykir hefur þétt vaxtarlag og því óþarfi að klippa hann heldur einungis grisja eldri greinar innan úr gömlum runnum til endurnýjunar. Bersarunni þolir þó töluverða klippingu en blómstrar minna fyrsta sumarið á eftir. Hann þolir einnig að vera sagaðar niður í um 20-30 cm til endurnýjunar.

Óþrif og skaðvaldar: Ekki vitað um sjúkdóma eða skaðvalda sem herja á þetta tiltekna fræyrki af bersarunna en mjölsveppur hefur herjað á yrkið 'Funi' frá Yakutat og þá helst í þurrkasumrum og á unga runna.

Fjölgun: Um er að ræða fræyrki og má sjá örlítinn breytileika í vaxtarkrafti, blómgun og blaðgerð. Bersarunna má einnig fjölga með sumargræðlingum en það getur verið kostur að hafa runna af ólíku erfðaupplagi. Vísbendingar eru um að hann myndi meira af berjum ef runnar af ólíku erfðaupplagi standa saman.

*fu. merkir fræuppruni (*fk, frökilde* á sænsku)



Bersarunni er blaðfallegr og uppréttur.



Rauð ber setja mikinn svip á runnann seinnipart sumars og í haustbyrjun. (Mynd: Ólafur Sturla Njálsson)